

Ísland tekur þátt í norrænni list- iðnaðarsýningu í París í haust

Menntamálaráð hefir falið félaginu „Íslenzk listið“ að sjá um þátttöku Íslands

Í boði franska menntamálaráðuneytisins efna öll Norður-
löndin fimm, Danmörk, Finnland, Noregur, Svíþjóð og Ís-
land, til listiðnaðarsýningar í París á hausti komanda. Sýn-
ingin verður haldin í hinum veglegu salarkynnum listasafns
franska ríkisins. Gert er ráð fyrir, að hún verði opnuð í
byrjun nóvember næst komandi og standi ef til vill í fimm
mánuði.

Menntamálaráð Íslands, sem
samkvæmt lögum frá síðastliðnu
ári fjallar um málefni, er varða
opinberar íslenzkar sýningar á
erlendum vettvangi, hefir falið
félaginu „Íslenzk listið“ að

undirbúa þátttöku og sjá um
framkvæmd af Íslands hálfu í
þessari sýningu. Í sýningar- og
dómnafnd félagsins eiga sæti:
Björn Th. Björnsson listfræðing-
ur, formaður; frú Valgerður
Briem Pálsson teiknikennari;
Jóhannes Jóhannesson, gullsmið-
ur; Skarphéðinn Jóhannsson arki-
tekt og Sveinn Kjarval húsgagna
arkitekt.

Ullarvinna og þrjónless.

Ætlað er, að kjarni sýningar-
deildar hvers lands verði sú list-
iðngrein, sem helzt er einkenn-
andi fyrir landið og þjóðina. Beri
þannig sýningardeildirnar hver
um sig svipmót síns lands. Uppi-
staða íslenzku sýningardeildarinnar
ar mun því verða hvers konar
listræn ullarvinna og þrjónles. —
Einnig mun væntanlega verða
lögð áherzla á silfur- og gullsmíði.
Auk þessa er vænt, að á sýningunni
verði munir úr sem flestum
öðrum greinum íslenzkra listiðnaðs.

Nefndin óskar sem fyrst að
hafa samband við sem flest fólk
á Íslandi, er að listiðnum starfar.
Vegna margvíslegrar undirbún-
ingsvinnu, sem verður að vera
lokið á næstu vikum er nauðsyn-
legt, að allir, sem óska að taka
þátt í sýningunni hafi hið fyrsta
samband við einhvern úr sýning-
arnefndinni, og eigi síðar en 4.
júní næstkomandi.


Þrjár alþjóðlegar sýningar.

Félagið „Íslenzk listið“ hefir
síðan það var stofnað, tekið þátt
í þremur sýningum erlendis með
góðum árangri. Vorið 1955 tók
það þátt í alþjóðlegri sýningu, sem
árlega er haldin í München. Síðan
tók það aftur þátt í sömu sýningu
árið eftir. Var íslenzka deildin þá
mjög fjölbreytileg og vakti verð-
skuldaða athygli. Á þessari sýn-
ingu hlotnaðist Íslandi sá heiður
að einn sýnenda, frú Ásgerður
Ester Búadóttir hlaut gullverð-
laun ríkisstjórnar Bajaralands fyrir
listofnið veggteppi. Hverju sinni
veittist aðeins örfáum af þúsund-
um sýnenda frá mörgum löndum
slík viðurkenning.

Þrjónlesið vakti sérstaka
athygli.

Íslenzka þrjónlesið á þessari sýn-
ingu, sem mjög var vandað til,
(Framhald á blaðs. 2).

Forsætisráðherrar Finnlands og Íslands



Reino Kuuskoski, forsætisráðherra Finnlands, og frú hans komu til Reykjavíkur á laugardagsmorgun með flug-
vél Loftleiða frá New York. Voru þau á heimleið frá ofmælishátíð Minnesotarikis, — en þangað hafði öllum
forsætisráðherrum Norðurlanda verið boðið. Kuuskoski og frú hans voru gestir forsætisráðherraahjónanna
meðan þau dvöldu hér og bjuggu í ráðherrabústaðnum í fylgd með þeim var einn af starfsmönnum ráðherr-
ans, frú Sopanen. — Ráðherrahjónin snæddu hádegisverð að Bessastöðum, en um kvöldið héldu íslenzku for-
sætisráðherrahjónin þeim veizlu. — R. Kuuskoski kom á fund hjá Norræna embættismannasambandinu og flutti
kveðjur frá finnsku ríkisstjórninni. Mælti hann á finnsku, íslenzku og sænsku. — Ráðherrahjónin héldu heim-
leiðis með flugvél frá Reykjavík á sunnudagsmorgun. (Ljós.: Þór. Sigurðsson).

Hamrafell hefir flutt til landsins 220 þús. smál. af olíu í 14 ferðum

Sveiflur á farmgjöldum geysimiklar — þau
eru nú lægri en nokkru sinni fyrr eða um
sjöundi hluti þess sem var í Súezdeilunni

Olíuskiptið Hamrafell hefir nú siglt undir íslenzkum fána
í hálf tveim árum og er nú í fjórtándu ferð sinni í olíuflut-
ningum til landsins. Samtals hefir skipið flutt til landsins
tæplega 220.000 smálestir af olíum, en skipið flytur á sext-
ánda þúsund lestir í hverri ferð.

Hamrafell hefir, eins og öll þau
íslenzk kaupskip, sem flytja þunga
vöru, fylgt heimsmarkaði í farm-
gjöldum sínum. Hafa verið geys-
imiklar sveiflur á farmgjöldunum
þetta hálf ári, sem skipið hefir
verið í þjónustu Íslendinga, og
hefir þetta gert útgerð skipisins
mjög erfiða. Í byrjun síðastliðins
árs voru farmgjöldin mjög há,
vegna Súezdeilunnar, og sigldi
Hamrafell þá þrjár ferðir fyrir
160 shillinga farmgjald, enda þótt
leiguskip fengust þá ekki fyrir
minna en 220 shillinga til Íslands-
ferða. Seinni hluta ársins lækkuðu
farmgjöldin mjög ört og fóru
langt niður fyrir reksturskostnað.
Síðan um áramót hafa farmgjöldin
verið fyrir neðan 35 shillinga og
í síðustu ferðinni, sem farin var
í þessum mánuði, var farmgjaldið
aðeins 22 shillingar 3½ pence, eða
minna en einn sjöundi af því,
sem hæst var fyrir einu ári.

Rekstur olíuskipa
erfiður.

Þessar gífurlegu sveiflur hafa
valdið miklum erfiðleikum fyrir
útgerðina og er það ógæfa, að
fyrsta útgerð olíuskipa í íslenzkri
eigu skuli í byrjun lenda í svo
stórkostlegum sveiflum, þar sem
núverandi farmgjöld nægja engan
vegin fyrir kostnaði, hvað þá
vöxtum og afborgunum af skip-
inu. Nú er olíuskipum lagt vegna

Mendes-France réðst á de Gaulle

NTB—PARÍS, 20. maí. — Á þing-
fundi í dag réðst Mendes-France
á de Gaulle hershöfðingja og sagði
að honum væri nær að nota áhrif
sín og tiltrú til þess að segja
hershöfðingjunum í Alsír að
hætta uppreisnaráformum sínum,
en reyna að hrifsa völdin í sínar
hendur og beinlínis ýta undir upp-
reisn hershöfðingjanna.

Sumarstarf kven- skáta að Úlf- ljótsvatni

Kvenskátaskólinn að Úlf-
ljótsvatni mun verða starfræktur frá
24. júní til 18. ágúst. Sú breyting
verður á, að starfað verður í flokk
um, og verður dvalartími hvers
flokks tvær vikur. Er þetta aðal-
lega gert vegna þess, að aðsókn
að skólanum hefir verið þag mik-
il, að ekki hefir verið hægt að
sinnna öllum ónskum, sem þorizt
hafa. Með þessu móti er hægt að
gefa fleiri stólkum kost á að dvelja
þarna í sumarleyfum sínum og
njóta hollrar útivistar um leið
og þær læra ýmislegt, sem getur
komið þeim að gagni og veitt þeim
ánægju.

Dvalartími skiptist, sem hér
segir:

Frá 24. júní—7. júlí.
— 8. júlí—21. júlí

(Framhald á blaðs. 2).

Frumvarpið um breytingar á sam- vinnulögunum orðið að lögum

Sjálfstæðismenn reyndu til síðustu stundar að
standa gegn því að samvinnufélögin fengju
jafnrétti við aðra

Frumvarpið um afnám skyldu samvinnufélaga til þess
að leggja 1% af umsetningu í varasjóð hvernig sem árar,
var samþykkt í efrideild sem lög frá Alþingi á mánudaginn.

Sjálfstæðismenn höfðu barizt á
móti því. Völdu ekki að samvinnu-
félögin réðu því sjálf — eins og
öll önnur félög — hve mikli þau
legðu í varasjóð. Töldu að þau
gætu haft hagnað af sjálfsveldinu.
Sagt var fyrir nokkru frá orða-
skiptum Sjálfstæðismanna og
Framsóknarmanna um þetta mál í
neðrudeild og við 1. umræðu þess
í efrideild.

Við 2. umræðu í efrideild sóttu
að frumvarpinu Friðjón Þórðarson
og Jón Kjartansson, en Páll Zóph-
óníasson og Karl Kristjánsson af-
vopnuðu þá gjörsamlega.

Við 3. umræðu reyndu Sjálf-
stæðismenn ekki að taka til máls.
En atkvæðin sýndu þá sem áður
hug þeirra til samvinnufélaganna.
„Af ávöxtunum skuluð þér
þekkja þá.“